

LÖG BANDALAGS ÍSLENSKRA SKÁTA



1. GREIN

Landssamtök skáta á Íslandi heita Bandalag íslenskra skáta, skammstafað BÍS. Aðsetur þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

2. GREIN

Hver sem gerist skáti skal vinna skátaheitið, skilja skátalögin og starfa samkvæmt Grunnildum BÍS. Aðild að Bandalagi íslenskra skáta getur verið með eftirfarandi hætti:

- Aðild A** Skátafélög með starf fyrir - og féлага á aldrinum 7-25 ára.
Aðild B Skátafélög sem stunda skátastarf og stuðla að því, með féлага sem flestir eru eldri en 26 ára.
Aðild C Hópar skáta sem vilja halda tengslum við BÍS.
Aðild D Skátar með beina aðild að BÍS.

Eftirtalin réttindi og skyldur fylgja ólíkri aðild að BÍS:

Félagsaðild →	A	B	C	D
Þjónusta BÍS	forgangur	já	ef unnt er	ef unnt er
Þátttökuréttur í viðburðum	forgangur	já	ef unnt er	ef unnt er
Atkvæði á Skátapingi	4	1	0	0
Félagsgjald til BÍS	já	já	nei	já

BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast Grunnildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.

3. GREIN

Merki BÍS er skátaliljan og smárinn tengd saman með hnúti úr íslenskum vefnaði. Stjórn BÍS setur reglugerð um nánari útfærslu og notkun á merki BÍS og öðrum einkennum skáta.

Orðið og orðmyndin skáti er skráð vörumerki skátahreyfingarinnar á Íslandi. Eingöngu viðurkenndir aðilar af hálfu BÍS, að viðlagðri ábyrgð, hafa heimild til að nota orðmerkið „SKÁTI“ og/eða orðmyndanir dregnar af orðmerkinu. Það sama á við um við- og/eða forskeyti á hverju sem er, s.s. í nafni á félagi eða samtökum, á vörum, á fatnaði og í auglýsingum. Það sama gildir um öll önnur einkenni skáta.

4. GREIN

Grunngildi Bandalags íslenskra skáta mynda sameiginlega grundvöll skátastarfs á Íslandi og skilgreina þannig sérstöðu þess. Þau eru sá grunnur sem Bandalag íslenskra skáta og öll skátafélög á Íslandi starfa eftir. Grunngildi BÍS eru samþykkt af Skátapingi.



5. GREIN

Hlutverk Bandalags íslenskra skáta er að vinna að eflingu skátastarfs á Íslandi. Hlutverk sitt rækir BÍS m.a. með því að:

- Standa vörð um sjálfstæði BÍS sem frjálsra og óháðra félagasamtaka.
- Stuðla að ungmennalýðræði.
- Styðja við og efla starf skátafélaganna í landinu.
- Stuðla að gerð dagskrárefnis til notkunar í skátastarfi, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.
- Stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.
- Standa fyrir dagskrárviðburðum fyrir skáta.
- Annast samstarf um málefni skáta við ríkisvaldið og önnur félagasamtök.
- Vera fulltrúi íslenskra skáta á alþjóðavettvangi skáta.
- Kynna skátastarf og Grunnildi Bandalags íslenskra skáta fyrir almenningi.
- Bera ábyrgð á að BÍS fylgi stefnum alþjóðasamtaka skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt samskiptum við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Bera ábyrgð á fjármálum BÍS og afla tekna er gera BÍS kleift að halda fullu fjárhagslegu sjálfstæði.
- Auka stuðning fullorðinna einstaklinga við skátastarf.
- Gera sem flestum börnum og ungmönnum kleift að stunda skátastarf.

6. GREIN

BÍS kemur fram fyrir hönd íslenskra skáta gagnvart alþjóðabandalagi skáta, WOSM, og alþjóðabandalagi kvenskáta, WAGGGS, sem og erlendum skátabandalögum.

7. GREIN

Stjórn BÍS skal aðstoða og leiðbeina þeim sem stofna vilja nýtt skátafélag, eða endurvekja gamalt, svo sem kostur er.

Stofnun skátafélags, nafn þess, lög og merki, er háð samþykki stjórnar BÍS, enda séu lög hins nýja félags í samræmi við Grunnildi, lög og reglugerðir BÍS og landslög.

Innganga skátafélags í BÍS skal formlega staðfest á Skátapingi og öðlast hún gildi í lok þess þings.

Hvert skátafélag er sjálfstæður lögaðili. Skátafélög starfa eftir Grunnildum BÍS og þeim meginreglum sem stofnandi skátahreyfingarinnar, Baden-Powell, setti skátastarfi og alþjóðasamtök skáta hafa staðfest. Einnig starfa þau eftir lögum og reglugerðum BÍS, æskulýðslögum og öðrum landslögum sem snerta starfsemi þeirra.

Meginhlutverk skátafélaga er að standa fyrir og/eða styðja við reglubundið skátastarf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 7-25 ára, sem starfa að jafnaði í aldursskiptum skátasveitum sem skipað er í flokka, auk skátaforingja og annarra fullorðinna.

8. GREIN

Skátafélögum er heimilt að mynda með sér skátasambönd. Þau eru samstarfsvettvangur og málsvari skátafélaga í sameiginlegum málum. Skátasambönd setja sér starfsreglur í samræmi við lög BÍS.

9. GREIN

Skátafélögum innan BÍS er skylt að setja sér lög. Í vörslu BÍS skal jafnan vera eintak af gildandi félagslögum viðkomandi skátafélags. Í lögum hvers skátafélags skulu a.m.k. vera ákvæði um eftirfarandi:

- Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega. Stjórn BÍS er heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn. Fundarboð skal sent skrifstofu BÍS.
- Í félaginu skal starfa minnst 3ja manna stjórn sem funda skal að jafnaði mánaðarlega. Þar á meðal skulu vera félagsforingi, aðstoðarfélagsforingi og gjaldkeri. Enginn stjórnarmeðlimur má gegna fleiri en einu þessara embætta.
- Æskilegt er að minnst einn stjórnarmanna skátafélags með aðild A sé á aldrinum 18-25 ára.
- Í félaginu skal starfa foringjaráð og/eða félagsráð þar sem skátaforingjar og stjórn félagsins eiga sæti. Foringjaráð og/eða félagsráð skal funda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.
- Stjórn og foringjaráð skulu skipuð fólki af fleira en einu kyni og kynjahlutföll vera sem jöfnust sé því við komið.
- Hvernig staðið skuli að úrsögn félagsins úr BÍS.
- Hvernig staðið skuli að því að leggja starfsemi félagsins niður.
- Hverjir skulu fara með eignir félagsins hætti það störfum. Þessir aðilar eru skyldugir til þess að ráðstafa eignunum í samráði við stjórn BÍS.

10. GREIN

Á árlegum aðalfundi skátafélaga skulu stjórnir þeirra leggja fram skýrslu um störf liðins árs og ársreikninga áritaða af félagskjörnum skoðunarmönnum.

Aðilar að BÍS skulu fyrir 1. mars árlega standa skil á gögnum og gjöldum til skrifstofu BÍS:

Félagsaðild	A	B	C	D
Félagatal	já	já	já	já
Ársskýrsla síðasta starfsárs	já	já	nei	nei
Gildandi lög	já	já	nei	nei
Starfsáætlun næsta starfsárs	já	já	nei	nei
Ársreikningur síðasta starfsárs	já	já	nei	nei
Undirritaðri heimild til BÍS til að kanna sakaskrá allra félaga 18 ára og eldri	já	já	nei	nei
Nöfn, hlutverk og tengiliðaupplýsingar allra stjórnarmeðlima félagsins	já	já	já	já

Auk þess skulu aðilar með aðild A, B, C og D starfa í anda Grunnilda BÍS. Þá skulu skátafélög með aðild A og B vera skráð frjáls félagasamtök með kennitölu.

11. GREIN

Í eftirfarandi tilvikum getur stjórn BÍS boðað til aðalfundar skátafélags samkvæmt lögum þess og/eða vikið félagsstjórn þess frá störfum og skipað félaginu umsjónaraðila þar til kosin hefur verið ný stjórn og valinn nýr félagsforingi:

- Aðalfundur, löglegur og skráður samkvæmt lögum félagsins, hefur ekki verið haldinn í 18 mánuði.
- Ársreikningar félagsins, endurskoðaðir og áritaðir af tilskildum aðilum, hafa ekki verið lagðir fram og samþykktir í 18 mánuði.
- Lágmarksstjórn félagsins, löglega kjörin samkvæmt lögum félagsins, hefur ekki haldið skráðan stjórnarfund í að minnsta kosti 6 mánuði.
- Félagsstjórn fer ekki eftir ákvæðum 10. greinar laga BÍS, eða að starfsemi félagsins samrýmist ekki Grunnildum BÍS, lögum BÍS og/eða landslögum.

Sé skátafélag óvirkt um lengri eða skemmri tíma, þrátt fyrir tilraunir stjórnar BÍS til að efla starf þess, skal stjórn BÍS ráðstafa eigum félagsins samkvæmt lögum þess og í samráði við heimamenn.

Meginmál er í Gotham Book

12. GREIN

Gerist skátafélag eða stjórn þess sek um brot á lögum þessum er Skátaþingi heimilt að víkja félaginu úr Bandalagi íslenskra skáta, að því tilskyldu að 2/3 hlutar þingfulltrúa greiði því atkvæði.

Úrsögn skátafélags úr BÍS er því aðeins gild hafi hún verið samþykkt á lögsmætum aðalfundi þess og stjórn BÍS og stjórn viðkomandi skátafélags hafi verið tilkynnt með minnst tveggja mánaða fyrirvara að tillaga um úrsögn komi til afgreiðslu á fundinum. Úrsögnin öðlast þegar gildi.

Skátafélag, sem vikið hefur verið úr BÍS, eða hefur sagt sig úr því, á ekki tilkall til sjóða BÍS eða annarra eigna. Heimilt er að veita því aðild að nýju.

13. GREIN

Skátaforingi er lögráða einstaklingur sem hefur verið skipaður til ábyrgðastarfa af hálfu félagsfóringja eða skátahöfðingja, samanber reglugerð um hæfi skátafóringja. Hver skátaforingi ber ábyrgð gagnvart fóringja sínum á því að skátastarf á hans vegum sé virkt og í samræmi við landslög, Grunnildi BÍS og lög BÍS.

Félagsforingi ber ábyrgð á öllu starfi skátafélags gagnvart stjórn BÍS.

Störf sjálfboðaliða í skátastarfi skulu skilgreind formlega og til ákveðins tíma.

14. GREIN

Einstaklingar sem náð hafa 18 ára aldri geta verið virkir meðlimir BÍS á tvennan hátt.

- A) Sem meðlimur í skátafélagi með A- eða B - aðild. Viðkomandi skáti borgar þá félagsgjöld til skátafélagsins sem aftur borgar þátttökugjald til BÍS sem og er ábyrgt fyrir skilum á sakaskrárvottorði og drengskaparheiti þar sem það á við.
- B) Sem beinn aðili að BÍS undir lið D.
- Viðkomandi skráir sig beint í gegnum félagatal BÍS í „Eitt sinn skáti“ félag BÍS.
 - Viðkomandi borgar félagsgjald sem á hverjum tíma er jafnt því gjaldi er styrktarfélagar greiða fyrir styrktarpinna BÍS.
 - Viðkomandi skilar undirrituðu sakarskráreyðublaði með tveimur vottum og öðlast við það fulla og virka aðild að BÍS með þeim réttindum og skyldum sem þar lúta.
 - Þessir aðilar fá skátaskírteini.
- C) Allir lögráða starfandi skátar og sjálfbóðaliðar í starfi skátahreyfingarinnar, **óháð aðildarleið eða þeim verkefnum sem viðkomandi hyggst sinna**, skulu undirrita yfirlýsingu sem veitir Bandalagi íslenskra skáta heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins um hvort viðkomandi hafi hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða brota á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum. **Enda huti af réttindum ofangreindra þátttaka í viðburðum eins og skátamótum og skátaþingi þar sem gera má ráð fyrir þátttöku ungmenna undir 18 ára aldri.** Stjórn BÍS er heimilt að víkja einstaklingum eða hópum úr skátahreyfingunni ef þeir brjóta gegn landslögum eða Grunngildum BÍS.
- D) Styrktarfélagar BÍS: Aðilar sem greiða styrktarpinna en óska ekki eftir virkri aðild að BÍS þurfa ekki að skila inn sakaskráreyðublaði, enda hafa þeir ekki nein réttindi eða skyldur gagnvart BÍS.
- Þeir teljast styrktarfélagar og eru skráðir sem slíkir í félagatal BÍS en eru ekki með virka aðild og fá ekki skátaskírteini.
- E) Skátafélögum er heimilt að stofna sveit í félagatali sínu sem heldur utan um styrktarféлага félagsins. Um þessa styrktarféлага gildir það sama og um styrktarféлага BÍS, þeir eru skráðir í félagatali skátafélags og þar með BÍS, en eru ekki með virka aðild að BÍS og fá ekki skátaskírteini.
- Ekki er greitt félagsgjald af þessum félögum til BÍS, enda fá þeir ekki skátaskírteini.

15. GREIN

Stjórn BÍS skal a.m.k. árlega boða til félagsforingjafundar. Félagsforingjafundur er vettvangur umræðna um þau mál sem snerta skátastarfið í landinu. Félagsforingjafundur er ráðgefandi samkoma.

16. GREIN

Skátaping fer með æðstu stjórn í málefnum Bandalags íslenskra skáta. Þingið skal halda ár hvert í mars- eða aprílmánuði, eftir ákvörðun stjórnar BÍS. Til Skátapings skal boða með minnst 6 vikna fyrirvara.

Í fundarboði skal tilgreina til hvaða starfa skuli kjósa á þinginu og hver framboðsfrestur er. Kosningarár skal fara fram á sléttu ártali.

Aukaping skal halda ef stjórn eða meirihluti virkra skátafélaga telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara.

Stjórn BÍS ákveður þingstað hverju sinni.

17. GREIN

Minnst 4 vikum fyrir Skátaping skulu tillögur að lagabreytingum hafa borist stjórn BÍS.

Minnst 3 vikum fyrir Skátaping skulu beiðnir um upptöku tiltekinna mála, sem þarfnast afgreiðslu og/eða umræðu á Skátapingi, hafa borist stjórn BÍS.

Tillögur um mál sem til umfjöllunar eru á þinginu, samkvæmt útsendri dagskrá, geta komið fram á þinginu sjálfu.

Minnst 2 vikum fyrir Skátaping skal stjórn BÍS senda félagsforingjum og kynna eftirfarandi:

- Drög að dagskrá Skátapings.
- Drög að skýrslu stjórnar.
- Drög að ársreikningi.
- Fjárhagsáætlun og tillögu að félagsgjaldi skáta til BÍS.
- Drög að starfsáætlun BÍS til fimm ára.
- Tillögur til lagabreytinga.
- Tillögur frá skátum, skátafélögum, stjórn BÍS, ráðum þess og nefndum.
- Kynningu á þeim frambjóðendum sem í kjöri verða á þinginu.

Athugasemdir við útsend gögn skulu berast skrifstofu BÍS eigi síðar en einni viku fyrir Skátaping. Skulu þær athugasemdir kynntar þingfulltrúum án tafar.

Þátttökutilkynningar allra þingfulltrúa og gesta skulu berast til skrifstofu BÍS minnst einni viku fyrir Skátaping.

18. GREIN

Á vegum BÍS skal ætíð starfa sérstök 5 manna uppstillingarnefnd, kosin á Skátapingi til tveggja ára. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

Uppstillingarnefnd skal leita eftir fólki til starfa fyrir Bandalag íslenskra skáta samkvæmt því sem fram kemur í 18. grein, 20. grein, 22. grein, 23. grein, 26. grein og 28. grein laga þessara og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi. Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir hæfum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍS.

Framboð til áðurnefndra embætta má tilkynna til nefndarinnar og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Framboð skulu hafa borist í síðasta lagi 3 vikum fyrir Skátaping.

Nefndin skal ljúka störfum í síðasta lagi 17 dögum fyrir þing. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skátapings.

Stjórn BÍS skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi 15. janúar.

19. GREIN

Rétt til setu á Skátapingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsfóringja eða aðstoðarfélagsfóringja í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátapingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátapingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunngildum BÍS sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátapings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbréfanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbréfanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi.

Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátapingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu.

Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsfóringja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátapings.

20. GREIN

Stjórn BÍS gerir tillögu að dagskrá Skátapings og niðurröðun dagskrárliða.

Í upphafi Skátapings skal borin upp tillaga stjórnar BÍS að dagskrá Skátapings. Einnig skal kosið í 3ja manna kjörnefnd er fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og 5 manna allsherjarnefnd sem vinnur úr og

Samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Aðeins þingfulltrúar þeirra félaga sem staðið hafa skil á gögnum og greiðslum skv. 10. grein hafa kjörgengi í nefndirnar. Ef ágreiningur er innan þingnefnda við ákvarðanatöku ræður meirihluti nefndarmanna og er ákvörðun þingnefnda endanleg.

Á þinginu gilda almenn fundarsköp.

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátaþings
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta, kynnt, rædd og afgreidd
- Tillaga að félagsgjaldi skáta til BÍS kynnt, rædd og afgreidd
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál
- Þingslit

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu koma fram á kosningarári:

- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar
- Kosning uppstillingarnefndar skv. 18. grein
- Kosning stjórnar skv. 22. grein
- Kosning löggilts endurskoðanda skv. 26. grein
- Kosning þriggja manna skoðunarnefndar skv. 26. Grein

21. GREIN

Stjórn BÍS stýrir starfsemi BÍS á milli Skátaþinga í umboði þess. Stjórn BÍS skal skipuð sjö skátum: skátahöfðingja, gjaldkera og fimm meðstjórnendum. Stjórn skal funda reglulega, að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund.

Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Fundargerðir stjórnar BÍS skulu birtar á heimasíðu BÍS.

Öllum skátum er heimilt að bera erindi undir stjórn BÍS.

22. GREIN

Skátaping kýs stjórnarmenn til tveggja ára í senn. Að lágmarki skal einn stjórnarmaður ekki vera eldri en 25 ára á því ári sem kosning fer fram. Kosning fer fram á tveggja ára fresti.

Kjörgengi hafa allir lögráða skátar.

Kosning fer fram á Skátapingi á tveggja ára fresti og skal vera kosið í embætti skátahöfðingja, gjaldkera og 5 meðstjórnenda. Sérstaklega er kosið um skátahöfðingja og gjaldkera en meðstjórnendur eru kjörnir í einni kosningu. Lendi atkvæði á jöfnu skal kosið sérstaklega á milli þeirra þar til öll sæti hafa verið fyllt.

Við kosningu stjórnarmanna skal þess gætt að þeir séu ekki allir af sama kyni.

Stjórnarmenn mega ekki sitja í stjórn lengur en fjögur kjörtímabil í röð. Láti einhver stjórnarmanna af störfum eða ef um langvarandi fjarveru stjórnarmanns er að ræða á milli aðalfunda skal félagsforingjafundur í samráði við uppstillingarnefnd manna stöðuna fram að næsta aðalfundi.

23. GREIN

Skátahöfðingi er formaður stjórnar og leiðtogi alls skátastarfs. Stjórnin deilir með sér verkum.

Sameiginlega ber stjórn BÍS ábyrgð á:

- Að skátastarf á Íslandi sé í samræmi við landslög, Grunnildir BÍS, lög og reglugerðir
- Bandalags íslenskra skáta.
- Starfi stjórnarmanna, nefnda og ráða á hennar vegum.
- Öllum meiriháttar skuldbindingum og eignabreytingum og þarf samþykki stjórnarfundar fyrir þeim.

24. GREIN

Stjórn BÍS kemur fram fyrir hönd íslenskra skáta gagnvart einstaklingum, lögaðilum og ríkisvaldi í sameiginlegum málefnum hreyfingarinnar. Samþykki stjórnar BÍS þarf fyrir inngöngu BÍS í önnur samtök og félög. Stjórn BÍS skal leita staðfestingar næsta Skátapings á slíkri aðild.

Stjórn BÍS ræður framkvæmdastjóra að undangenginni auglýsingu.

Stjórn BÍS setur reglugerðir um starfsemi skáta innan BÍS og aðra þætti starfsins, eftir því sem þurfa þykir hverju sinni, enda rúmist efni þeirra innan laga BÍS.

Reglugerðir skulu kynntar aðildareiningum BÍS. Hlutverk reglna og reglugerða er að kveða nánar á um skipulag einstakra þátta í starfsemi íslenskra skáta.

Stjórn er heimilt að skipa nefndir og vinnuhópa sér til aðstoðar og ákveða verksvið þeirra. Stjórn er heimilt að skipa sér ráðgjafa eftir þörfum hverju sinni.

25. GREIN

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fjögur fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði skátaþings.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

- Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarforingja og flokksforingja.
- Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni
- frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.
- Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

26. GREIN

Reikningsár BÍS er almanaksárið. Reikningar BÍS og dótturfélaga skulu skoðaðir ár hvert af löggiltum endurskoðanda, kosnum af Skátaþingi til tveggja ára í senn.

Félagsleg skoðun reikninga BÍS og dótturfélaga er í höndum þriggja manna félagslegrar skoðunarnefndar sem Skátaþing kýs til tveggja ára í senn. Félagslegir skoðunarmenn reikninga mega ekki sinna öðrum störfum fyrir BÍS sem snerta fjármál. Þeir bera ábyrgð gagnvart Skátaþingi og skulu eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi BÍS og er stjórninni skylt að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess.

Felli Skátaþing framlagða reikninga fer fram yfirskoðun eftir reglum sem þingið setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal boðað til framhaldsþings sem tekur nánari ákvörðun um reikninga.

27. GREIN

Fjárhagsgrundvöllur BÍS skal tryggður með fjárframlögum skátafélaga, styrktarfélaga, opinberra aðila og með fjáröflunum.

Stjórn BÍS er heimilt að efna til fjáraflana ef þær krefjast ekki þátttöku almennra skáta í landinu. Fjáraflanir sem krefjast slíkrar þátttöku skulu

samþykktar á Skátapíngi eða með skriflegri atkvæðagreiðslu félagsfóringja og ræður meirihluti.

Óheimilt er að veðsetja fasteignir BÍS nema að undangengnu einróma samþykki stjórnar BÍS.

27. GREIN

Fjárhagsgrundvöllur BÍS skal tryggður með fjárframlögum skátafélaga, styrktarfélaga, opinberra aðila og með fjáröflunum.

Stjórn BÍS er heimilt að efna til fjáraflana ef þær krefjast ekki þátttöku almennra skáta í landinu. Fjáraflanir sem krefjast slíkrar þátttöku skulu samþykktar á Skátapíngi eða með skriflegri atkvæðagreiðslu félagsfóringja og ræður meirihluti.

Óheimilt er að veðsetja fasteignir BÍS nema að undangengnu einróma samþykki stjórnar BÍS.

28. GREIN

Til þess að slíta Bandalagi íslenskra skáta eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 4/5 hluta greiddra atkvæða á lögsmætu Skátapíngi.

Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til auka-Skátapíngs sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt, með atkvæðum a.m.k. 4/5 hluta atkvæðisbærra fulltrúa, að slíta BÍS, skulu það heita lögleg slit þess.

Ákvæði laga þessara um Skátapíng skulu gilda um aukapíngið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta BÍS skal aukapíngið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi BÍS skulu renna.

29. GREIN

Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 hlutar greiddra atkvæða á Skátapíngi samþykki þá breytingu.

Auk þess þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða tveggja Skátapínga í röð til að breyta Grunnildum BÍS og 4. grein þessara laga.

30. GREIN

Lög BÍS og Grunnildi BÍS, ásamt gildandi reglugerðum, skulu ávallt vera aðgengileg á heimasíðu BÍS.

31. GREIN

Lög þessi eru sett á Skátapíngi 2019 og öðlast þegar gildi.